

Alþingi

Erindi nr. P 141/1984

komudagur 19.3.2013

Athugasemdir

Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, ársreikninga o.fl.

Þingskjal 1226-677. mál

lagt fram á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 19. mars 2013

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna taka undir nauðsyn þess að setja skorður við kennitölufylki og öðrum fjárglæfrum, enda er slíkt þjóðfélagsmein í beinni andstöðu við starf frumkvöðla sem vinna að nýsköpun og uppbyggingu í þágu samfélagsins. Því ber að fagna heildartilgangi þeirra lagabreytinga sem hér eru á ferð. Mikilvægt er þó að þrengja ekki um leið að starfsemi þeirra viðkvæmu sprota sem eru að hefja starfsemi, og eru því gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Samtök frumkvöðla leggjast gegn því að lágmarks hlutafé til stofnunar einkahlutafélags sé hækkað úr 500.000 í 750.000 við þær aðstæður sem nú ríkja. Hér er ekki um mikla hækkun að ræða fyrir þá sem hafa næg fjárráð, og því mun þessi aðgerð líklega engin áhrif hafa á þá sem vilja stunda fjárglæfrastarfsemi. Hinsvegar er þessi hækkun verulega íþyngjandi fyrir þá frumkvöðla sem eru að byrja að vinna að sínum verkefnum og hafa lítil sem engin fjárráð. Stuðningsumhverfi þess fólks er allsendis ófullnægjandi og litlir sem engir styrkir í boði þegar fyrstu skrefin eru tekin. Margir eru jafnvel á atvinnuleysisbótum þegar vinna er hafin við verkefni, og því fólki yrði þessi hækkun ofviða. Með því gætu tapast verkefni sem gætu síðar reynst gagnleg til verðmæta- og atvinnusköpunar. Innan Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna eru mörg dæmi um einstaklinga í þeirri stöðu: fólk sem ekki fær neina aðstoð í hinu meingallaða stuðningskerfi og berst í bökkum við að ná endum saman um leið og það vinnur að gagnlegum verkefnum í þágu sinnar þjóðar. Því er lagt til að þetta lágmarkshlutafé verði ekki hækkað fyrr en komið hefur verið betra skikki á málefni frumkvöðla á frumstigi; stjórnvaldsstefna mótuð í þeirra málefnum og styrkjamöguleikar auknir.

2. Nauðsynlegt er að styrkja innviði ársreikningaskrár til að hún valdi því aukna hlutverki sem henni er falið með þessum breytingum. Nýleg dæmi eru um það meðal félagsmanna Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna að á þá hafi verið lagðar sektir fyrir vanskil á ársreikningum sem erfitt hafi reynst að leiðrétta, þrátt fyrir að þeir hefðu í höndum staðfestingu fyrir skilum á réttum tíma. Um leið er tekið undir meginsjónarmið lagafrumvarpsins um nauðsyn á betri skilum ársreikninga.

19.03.2013

f.h. Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna

Skógarbraut 1104, 235 Reykjanesbær s. 862 2345 www.nyhugmynd.com info@nyhugmynd.com

Valdimar Össurason formaður